



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun Grænuborgar

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

EFNISYFIRLIT

leiðarljós leikskólans.....	3
greinargerð leikskólastjóra.....	3
innra og ytra mat leikskólans fyrir líðandi skólaár.....	5
innra mat.....	5
ytra mat.....	6
umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	6
innra mat dropadeildar.....	7
umbótaáætlun dropadeildar.....	8
innra mat mánadeildar.....	8
umbótaáætlun mánadeildar.....	9
innra mat stjórnudeildar.....	9
umbótaáætlun stjórnudeildar.....	10
innra mat sólskinsdeildar.....	11
umbótaáætlun sólskinsdeildar.....	12
innra mat sérkennslu.....	14
mat á sérkennslu á líðandi skólaári.....	14
umbótaáætlun sérkennslu fyrir komandi skólaár.....	15
innra mat – fjöltyngd börn.....	15
mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna frá líðandi skólaári.....	15
umbótaáætlun –fjöltyngi fyrir komandi skólaár.....	15
starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	16
samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	17
foreldrasamvinna.....	17
skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	18
Fylgigögn.....	19
Fylgiskjal 1 – skóladagatal,.....	19
Fylgiskjal 2 - mat barna á sól.....	19
Fylgiskjal 3 - umsögn foreldraráðs.....	19

LEIÐARLJÓS LEIKSKÓLANS

Í leikskólanum Grænuborg er lögð áhersla á að skapa góðar og öruggar leik- og námsaðstæður þar sem öllum líður vel. Gildi leikskólans eru í hávegum höfð í öllu starfinu, en þau eru virðing - gleði – vinsemd – umhyggja.

GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA

Skólaárið 2023 -2024 var auðvitað alveg jafn skemmtilegt og undanfarin ár. Lögð var áhersla á að gleði og metnaður í starfsemi allri væri allsráðandi og að unnið væri með ýmiskonar fjölbreytt verkefni – ný viðfangsefni innleidd og virkni allra í starfsemi Grænuborgar metin mikils. Óhætt er að segja að metnaður hafi verið auðséður í starfsmannahópnum, allir voru einbeittir að skila góðu og gróskumiklu starfi. Það sama má segja um barnahópinn, börnin iðuðu af metnaði og kátínu allt skólaárið og tóku almennt þátt í leik og starfi af ánægju. Metnaður allra sem komu að skólastarfinu var vel sjáanlegur. Í boði voru fjölbreytt verkefni sem hæfðu þroska og áhuga hjá börnum og fullorðnum innan skólans. Áhersla var lögð á að starfað væri út frá þörfum barnanna og sé stýrt áfram af þeim, þau velja og hafna og aðgangur að efnivið/námsefni var opinn og sjáanlegur. Unnið var með félagsfærni, upplýsingartækni, málörvun, hreyfingu, sjálfbærni, sjálfseflingu og svo allt hitt líka, en það yrði allt of langur listi að telja það allt upp hérna. Það skiptir miklu máli fyrir alla að hafa verkefni við hæfi og sem vekja áhuga.

Það voru 73 - 77 börn í Grænuborg á hverjum tíma á skólaárinu, skólinn hefur leyfi fyrir að hafa að hámarki 78 börn, lítil hreyfing var á barnahópnum, en, eins og alltaf, þá voru nokkur börn sem hættu á skólaárinu og ný börn komu í þeirra stað. Á miðju skólaári, 1. febrúar 2024, voru skráð 75 börn í skólann sem voru fædd frá janúar 2018 til nóvember 2022. Börnin voru í 5,0 til 8,5 stunda vistun, flest voru skráð í 8,0 stunda vistun eða 46% þeirra. 44% barnanna voru fjöltyngd og það voru töluð 15 tungumál í barnahópnum.

Á sama tíma, 1. febrúar 2024, störfuðu 29 einstaklingar í Grænuborg, deildarstarfsfólk, sérkennarar og stjórnendur. Átján af þeim voru í 100% starfi, aðrir í 75 – 96% vinnu eða í tímavinnu. Það voru um það bil 3,8 – 4 stöðugildi á hverri deild, fastar stöður auk undirbúnings- og veikindaafleysingu. Ekki urðu miklar breytingar á starfsmannahópnum á skólaárinu, en þó einhverjar, einhverjir hættu og nýir komu í þeirra stað. Auk þess sem þrír fóru í fæðingaorlof og aðrir komu inn til að leysa þá af. Það voru töluð 7 tungumál í starfsmannahópnum.

Nokkrir utan að komandi nemar voru í Grænuborg á skólaárinu, frá Danmörku og frá HÍ. Auk þess nemar úr grunnskóla í atvinnutengdu námi og frá vinnuskóla Reykjavíkur. Við vorum í samstarfi við Tækniskólann, það komu nemar þaðan í Grænuborg í nokkrar klukkustundir í viku, nemar sem voru þar í íslenskunámi (Miðbærinn okkar – inngilding nýrra Íslendinga).

Þó nokkuð var um gestagang, til dæmis kom hópur leikskólakennarar frá Danmörku, annar hópur leikskólakennarar frá Berlín og enn annar hópur frá leikskóla í Noregi, að skoða og til að fræðast um skólann og starfið. Auk þess komu leikskólastarfsfólk frá öðrum leikskólum í Reykjavík, Leikhús í tösku kom í heimsókn sem og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, skólahljómsveit VMH kom að spila fyrir okkur, svo eitthvað sé nefnt.

Deildar- og deildastjórafundir voru á dagskrá hálfsmánaðarlega. Starfsmannafundir voru haldnir á samstarfs- og skipulagsdögum. Samkvæmt deildarstjórum var eitthvað um það að deildarfundir féllu því miður niður vegna ýmissa anna, það er því miður ekki til tölfræði um það. Undirbúningstímar héldust að mestu, en færa þurfti þá stundum til innan vikna, við eigum ekki tölfræði um hversu oft það var. Teymi sérkennara í skólanum funduðu hálfsmánaðarlega og teymi fjölmenningar fundaði mánaðarlega. Hver deild skipulagði undirbúningstíma starfsmanna á deild, þeir sáu líka um að skipuleggja styttingu vinnuvikunnar á þeirra deild.

Samstarfs- og skipulags dagar voru nýttir í fundi og fræðslu. Haldnir voru starfsmanna- og deildafundir á öllum skipulagsdögum.

Ýmislegt var brallað og brasað fyrir utan hefðbundna deildarvinnu á skólaárinu. Deildirnar fóru í allskyns vettvangsferðir hingað og þangað um borgina og á ýmsar sýningar t.d. í Norræna húsið, í leikhús, á tónleika, á Vitatorg, í Safnahúsið, í Norræna húsið, í húsdýragarðinn, í Ásmundasafn í bíó og margt, margt fleira. Haldin voru böll og þorrablót, sungið saman í salnum, horft á leikrit og farið í Flæði svo að eitthvað sé nefnt. Auk þess tóku börnin þátt í Barnamenningarhátíð – þau tóku þátt í viðburði á Borgarbókasafninu og sungu í Hörpu. En eins og alltaf var lögð mikil áhersla á að gleðin og sjálfssprotni leikurinn væri alltaf í fyrirrúmi.

Skólastarfið hefur verið metið á ýmsan hátt. Innra mat fór að mestu fram á starfsmanna-, deildar- og deildastjórafundum. Þá var verið að meta ýmsa þætti í starfinu, bæði líðandi atburði sem og þætti sem náðu til lengri tíma. Hver deild starfaði að umbótaþáttum sem voru settir fyrir árið, auk þess sem leikskólinn í heild setti umbótaþætti til að vinna að. Hluti umbótaþáttanna náðust á árinu og aðrir ekki. Farið var yfir þessa þætti á fundum skólans, þeir kynntir fyrir öllum, hvað gekk vel og hvað gekk ekki eins vel og hvers vegna. Margir af þessum umbótaþáttum munu fylgja okkur áfram yfir á komandi skólaár. Og aftur hefur hver deild fyrir sig sett upp ákveðna umbótaþætti sem unnið verður að á komandi ári, sjá nánar í innra mati fyrir hverja deild. Skólinn allur mun auk þess hafa ákveðna umbótaþætti til að vinna sameiginlega að, ákveðið hefur verið að vinna með einhverja þætti og áherslur áfram frá á líðandi skólaári. Unnið verður áfram að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur á árinu og hefur leikskólinn fengið styrk í A hluta þróunarsjóðs. Ekki má gleyma að nefna að börnin í leikskólanum taka þátt í að meta starf deilda á ýmsan hátt, til dæmis í umræðu, með demantamati,

með stjórnugjöfum eða broskörllum, en það er liður í því að bæta þann mikilvæga þátt að heyra raddir barnanna í mati á skólstarfinu.

Við viljum að leikur og starf innan skólans sé metnaðarfullt en áreynslulítið og sniðið að þörfum hvers og eins, við viljum þannig draga úr óþarfa álagi sem fylgir því að vera í stórum hóp í litlu rými. Við þurfum að skapa rými og tíma til að álag á börn og starfsfólk sé lítið og vera vakandi fyrir því hvað álag er og hvaða tími dagsins það er sem skapar mest álag. Við ætlum líka að draga fram alla námsþætti aðalnámskrár og þætti menntastefnu Reykjavíkurborgar þannig að öllum verði tamt að vinna samkvæmt þeim og hafi sama skilning á þeim. Við munum halda áfram að innleiða tákni með tali og taka þátt í innleiðingu Nurture.

Að lokum langar mig enn og aftur til að hrósa starfsfólki, börnum og foreldrum barnanna í skólanum fyrir enn eitt frábært skólaár sem hefur liðið á jákvæðan hátt þar sem allflestir hafa mætt á hverjum degi með bros á vör og gleði í hjarta á hverjum degi, tilbúin að mæta áskorunum og lærdómi dagsins, það eru snillingar á öllum göngum og í hverju horni Grænuborgar, við erum svo einstaklega heppin. Ég segi því vel gert allir og takk fyrir líðandi skólaár, ég hlakka til þess næsta!

INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS FYRIR LÍÐANDI SKÓLAÁR

INNRA MAT

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Aðalnámskrá, námsvið	Umræðumat	Stjórnendateymi	Samkvæmt umræðumati á starfsmannafundi var ákveðið að halda þessum umbótaþætti áfram.
Skráning á undirbúningi	Umræðumat	Stjórnendateymi leikskólans	Niðurstöður voru þær að deildir skráðu ekki undirbúning, hvorki hvort að hann var samkvæmt áætlun eða féll niður (og þá hvers vegna) En samkvæmt mati frá deildum kemur fram að hann hafi fallið eitthvað niður. Þetta þarf að rýna betur.
Mat barna	Demantamat	Börn Sólskinsdeildar	Deildin fékk góða yfirsýn yfir það hvað börnunum líkaði eða líkaði ekki við í dags - daglegu starfi. Munu niðurstöðurnar verða rýndar betur og nýttar til að taka út og bæta við og fjarlægja viðfangsefnum eftir því sem við á. Auk þess sem Stjórnudeild er í innleiðingarferli á þátttöku barna í innra mati deildar.
Vinna með Tákni með tali	Umræðumat	Allt starfsfólk leikskólans	Niðurstöður að margt starfsfólk skólans notar TMT í daglegu starfi, sérstaklega með yngri börnum skólans og með fjölmörgum börnum og börnum með frávík í þroska. En skólinn

			þarf samt að vera meira samstíga og halda innleiðingu áfram.
Notkun á upplýsingatækni og vísindaeftir	Umræðumat	Allt starfsfólk leikskólans	Unnið var markvisst með þessa þætti á tveimur eldri deildum skólans en minna á hinum. Efni frá Mixtúru og það sem til er í skólanum nýtt vel.
Mat á vinnu með menntastefnu	Skriflegt mat – gátlisti menntastefnu Reykjavíkur	Allt starfsfólk leikskólans	Vinnan gengur vel og flestir meðvitaðir um þætti menntastefnu

YTRA MAT

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sameyki í samstarfi við Gallup lagði fyrir viðhorfskönnun í desember 2023 á meðal starfsmanna vaðandi trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi og ímynd stofunnar	Rafrænt	Allt starfsfólk	Helstu niðurstöður voru þær að Grænaborg fékk viðurkenningu sem stofnun ársins 2023, lenti í fjórða sæti yfir stofnanir í þeirra stærðarflokki. Könnunin var það umfangsmikil að of langt yrði að telja allar niðurstöðurnar fram hérna en hægt er að nálgast þær hjá leikskólastjóra og á netinu

UMBÓTAÁÆTLUN LEIKSKÓLANS 2023-2024

Samkvæmt innra mati – formlegu og óformlegu, þá hefur skólinn ákveðið að halda áfram að vinna að nokkrum umbótaáætlunum sem settar voru af stað á líðandi skólaári og á fyrri skólaárum, auk þess skólinn mun hefja innleiðingu á Nurture.

Umbóta-þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Nurture, innleiðing	Að styðja betur við börn á þeirra forsendum	Námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólans	Stjórnendateymi	Haut 2024	áframhalda ndi	Mat er innifalið í innleiðingunni	Fer eftir því hversu vel gengur að innleiða
Skráning undirbúnings-tíma	Fá raunsæja mynd af undirbúnings-tímum allra starfsmanna. Endurtekið frá síðasta ári, í endurmati deilda kemur fram að undirbúningur hafi stundum fallið niður en engin	Skráning allra sem fara í undirbúning og ef það næst ekki þarf að skrá ástæðu þess, þannig að hægt verði að rýna í það og bregðast við og fá gleggri mynd af ástæðum	Stjórnendateymi skólans	Haut 2022	Vor 2025	Skráningar skoðaðar og metnar	Að hver og einn fái þá undirbúnings-tíma sem hann á samkvæmt kjara-samningi

	skráning til, til að meta og ígrunda						
Tákn með tali	Innleiðing og markviss notkun á tákni með tali sem nýtist öllum börnum skólans	Námskeið	Stjórnendateymi skólans	Haust 2023	Vor 2025	Metið með umræðum	Aukin þekking og samstillt vinna með TMT
Námssvið leikskóla samkvæmt aðal-námskrá	Halda öllum námssviðum leikskóla samkvæmt aðalnámsskrá betur á lofti. Áframhaldandi vinna frá undanfórnum árum.	Markviss kynning og umræða á fundum og gera það sýnilegt hvernig unnið er með námssviðin	Stjórnendateymi leikskólans	2023	2025	Samtal	Allir meira meðvitaðir um aðalnámsskrá og ígrundaðra starf með námssviðin í huga
Menntastefnan ígrunda betur?	Vinna með þá þætti sem má bæta samkvæmt innra mati og gátlistum menntastefnunnar. Áframhaldandi vinna frá undanfórnum árum	Markviss kynning og umræða á fundum og gera það sýnilegt hvernig unnið er með námssviðin	Stjórnendateymi leikskólans	2022	2025	Gátlistinn lagður aftur fyrir	Meiri þekking og markviss vinna

INNRA MAT DROPAÐILDAR

Einkunnarorð Dropaðildar eru umhyggja, jákvæðni og samvinna.

Með þau að leiðarljósi erum við að kenna börnunum að vera einstaklingar í litlum og stórum hópum, og skapa jákvætt og öruggt starfsumhverfi. Dropaðeild er yngsta deildin í Grænuborg og fyrsta stoppið í skólakerfinu og er því mikilvægt að börnin fái góðan grunn í byrjun. Við leggjum mikla áherslu á að nota leikinn sem námsleið og efla þannig börnin meðal annars í samskiptum og sjálfstæði.

Við nýttum Lubba í samverustundum og lærðum fyrstu 6 lögin. Einnig prentuðum við út myndir fyrir bækur og lög sem við vorum að syngja til að hafa þau meira sjónræn fyrir börnin. Einnig erum við með öll lögin sem við syngjum á spjöldum með myndum á, svo börnin læra fljótt að þekkja hvert lag fyrir sig þegar þau velja hvað þau vilja syngja í samverustundum og þegar þau eru með óskalög í söngstund.

Upplýsingatækni og vísindi var lítið notað á Dropaðeild í vetur.

Undirbúningstímar starfsfólks féllu stundum niður vegna skorts á starfsfólki.

Barnahópnum var mikið skipt mikið niður og nýttum við þau svæði sem voru laus í skólanum. Börnin nutu sín mun betur í minni hópum og fengu jöfn tækifæri til að dafna og þroskast í jákvæðu umhverfi.

UMBÓTAÁÆTLUN DROPAÐILDAR

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Innleiðing Nurture	Að byrja að innleiða þróunarverk efnið Nurture í samstarfi við allar deildir og aðra skóla	Fræðsla og vinna tengd henni. Fyrirlestrar og fleira.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	ágúst 2024	ágúst 2025	Farið yfir fræðslu og byrjunarvinnu með stefnunna á deildarfundum, stjórnendafundum og starfsmanna fundum	Að kennurum og nemendum sé orðið samt að nota hugmyndafræði Nurture
Hlutverk kennara í leiknum	Að starfsfólk viti hvert sitt hlutverk í leik bara er, vera styðjandi og til staðar í leik barnanna.	Deildarstjóri mun fræða starfsfólk hvernig þau geta verið til staðar og styðja börnin í frjálssa leiknum	Deildarstjóri	ágúst 2024	ágúst 2025	Á deildarfundum	Að kennarar á deildinni verða öruggir í hlutverk sínu í leik og starfi
Læsi og málörvun	Leggja áherslu á læsi t.d. með söng- og sögu-stundum og bókalestri. Nýta tækifærin til að efla hljóðkerfisvitund barna, málskilning og auka við orðaforða.	Grænaborg er með læsisstefnu. Starfsfólk deildar þarf að kynna sér hana og nota sér til stuðnings	Deildarstjóri	ágúst 2024	ágúst 2025	Á deildarfundum	Að starfsfólk þekki læsisstefnu Grænuborgar og fari eftir henni

INNRA MAT MÁNAÐILDAR

Á Mánaðeild var lagt upp með að auka félagsfærni, það er að segja að börnin kunni og iðki jákvæð samskipti. Einnig var ákveðið að leggja áherslu á tákni með tali og að starfsfólk myndi tileinka sér það í daglegu starfi. Lestrastundir áttu að vera tvískiptar og að minnsta kosti einu sinni á dag.

Stundum var erfitt að fylgja þessari áætlun þar sem stundum var ekki fullmannað á deildinni en sumt gekk betur en annað. Settar voru upp myndir af táknum fyrir daglegt starf og athafnir. Börnin spurðu út í tákni og þau festust meira í starfinu. Málörvun var aukin á deildinni og mikið spilað, sungið og

sögur sagðar. Börnin voru dugleg að leika sér og vinna saman í litlum hópum. Auka mæti betur við félagsfærni.

Þegar nær dró sumri var deildin dugleg að fara í gönguferðir um nágrennið og farið var í eina langa ferð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Úthald í ferðirnar varð meira og meira með hverri ferð og skiluðu sér í mikilli gleði og spenningi fyrir næstu ferð.

UMBÓTAÁÆTLUN MÁNAEILDAR

Umbótaáætlun Mánaeildar verður sett saman síðar, þegar nýr deildastjóri hefur hafið störf á deildinni og kynnst henni. Fram að þeim tíma mun deildin halda áfram á sömu vegferð og hún hefur verið á, að aðlaga starfið að þörfum barnanna sem hefja vistun á deildinni haustið 2024, vinna með námsvið aðalnámsskrá leikskóla, menntastefnu Reykjavíkur og vinna samkvæmt gildum skólans.

INNRA MAT STJÖRNUEILDAR

Mat á starfi Stjörnudeildar skólaárið 2023-2024

Einkunnarorð Stjörnudeildar í vetur voru *sjálfstæði – jákvæðni – vinátta*.

Með einkunnarorðin í huga þá unnum við að okkar markmiðum sem eru að börnunum líði vel, séu örugg og þyki gaman í skólanum, að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi barnanna og efla félagsfærni. Við skipulögðum starfið með aðalnámsskrá leikskóla, menntastefnu borgarinnar, barnasáttmálann og fjölgreindakenningu Gardners til hliðsjónar. Börnin stjórnuðu ferðinni í starfi, það var allt mótað að þeirra áhuga og þörfum og lýðræðisleg vinnubrögð kennd og stunduð. Þannig nýttum við styrkleika þeirra til að efla þau sem persónur, vini og nemendur. Allt nám á Stjörnudeild var byggt á leiknum og við kenndum mest og best í gegnum hann. Við stunduðum lýðræði í skólastarfi, hvöttum til gagnrýnnar hugsunar og skoðanaskipta. Nemendahópur þessa starfsárs er heilt yfir kát og hress börn, þau eru góðir vinir, eru umhyggjusöm og nálgast hvert verkefni og áskorun með gleði og bros á vör.

Oft gekk erfiðlega að koma starfsfólki deildar í undirbúning. Fyrir því voru margskonar ástæður en yfirleitt var það vegna þess að erfiðlega gekk að manna stöður deildarinnar og sérkennslustöður og svo fjarvista starfsfólks. Deildarfundir féllu oft niður vegna þess að það vantaði afleysingu vegna veikinda og annar fjarvista starfsfólks í skólanum. Við nýttum undirbúningstíma sem gáfust til að vinna að því sem okkur fannst mikilvægast; málörvunarstundum hvers konar, vettvangsferðum, sjálfsefningu og sjálfbærni. Við tókum meðal annars þátt í ræktunarverkefninu Sáðu, sjáðu og smakkaðu með skólum í Litháen og Færeyjum. Auk þessa alls byrjuðum við á því að virkja innra mat barnanna með auðveldum og sýnilegum hætti. Það verkefni byrjar vel og við munum halda áfram að þróa það saman með næsta nemendahópi. Starfsfólk deildar er orðið vant því að nota Tákn með tali í starfinu og það verður haldið áfram að vinna með það næsta vetur.

Veturinn á Stjörnudeild var skemmtilegur og starfið gekk vel og var fjölbreytt. Upplifunarferðirnar okkar út fyrir skólalóðina og Lubbastundir voru án efa vinsælustu liðir í starfinu fyrir utan leikinn sem blómstraði fallega hjá þessum frábæra hóp.

UMBÓTAÁÆTLUN STJÖRNUDEILDAR

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið\ aðferðir?	Viðmið um árangur
Vera markvissari og skilvirkari í skráningum	Að við skráum skipulega og jafnóðum. Gerum skráningar um starfið og nám og þroska barnanna	Setjum inn á undir- búnings - plön. Skiptum með okkur verkum. Ákveðum fyrirfram hvað við viljum skrá. Gefum okkur tíma til að gera skráningar- nar. Sammæl- umst um hvernig við ætlum að gera skráningar- nar.	Deildarstjóri og deildarstarfs fólk	ágúst 2024	janúar 2025	Ákveðum hvað við viljum hafa sem fastar skráningar á deildarfundi að hausti. Skoðum í lok hvers mánaðar hvort að skráningar séu tilbúnar.	Að hvert barn sé með að minnsta kosti 8 skráningar um nám þess og þroska í lok skólaárs. Auk þeirra verða hópskráning- ar sem eru gerðar eins fyrir öll börnin.
Félagsfærni og sjálfsefling – Menntastef- na	Að börnin kunni og iðki jákvæð samskipti, séu örugg og sjálfstæð	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpsemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin áfram til að gera allt sjálf. Hjálpum þeim að ná nýrri færni með því að nota greindirnar sem þau eru sterkust í. Að þau kynnist tilfinningum sínnum, treysti á	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	ágúst 2024	ágúst 2025	Farið yfir skráningar og önnur gögn á deildarfund- um, viðtöl við börnin,	Að vina- sambönd styrkist, börnin séu örugg og glöð, uni sér í leik og geti sjálf unnið úr samskipta- vandræðum sem koma upp, að þau séu stolt af sjálfum sér

		þær og verði óhrædd við að segja skoðanir sínar.					
Innleiðing Nurture	Að byrja að innleiða þróunarverk efnið Nurture í samstarfi við allar deildir Grænuborgar og aðra skóla	Fræðsla og vinna tengd henni. Fyrirlestrar og fleira.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Ágúst 2024	Ágúst 2024	Farið yfir fræðslu og byrjunarvinnu með stefnuna á deildarfundum, stjórnendafundum og starfsmannafundum	Að kennurum og nemendum sé orðið tamt að nota hugmyndafræði Nurture

INNRA MAT SÓLSKINSDEILDAR

Umbótaþættir fyrir þetta skólaár voru:

- Að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna.
- Að efla notkun á tákni með tali með öllum börnum deildarinnar.
- Félagsfærni og sjálfsefning.

Um helmingur barnanna á deildinni voru fjöltyngd og mislangt komin í íslenskunni, en vel gekk að hafa starfið hæfilega krefjandi fyrir alla, notuðum við Gefðu 10 auk þess að hafa málörvunarstundir og því til viðbótar hjálpaði verkefnastjóri fjöltyngdra barna/fjölmennings okkur að leggja inn íslenskuna þar sem þurfti enn frekar.

Að nota tákni með tali í daglegu starfi með börnunum komst aldrei fyllilega á skrið. Helst var það notað í söngstundum og einstaka sinnum við matarborðið eða í fataklefa. En við viljum sjá tákni með tali sem hluta af samskiptum, bæði meðal barna og kennara. Félagsfærnin er stór þáttur í öllu starfinu á Sólskinsdeild enda eru börnin allan daginn að æfa sig í samskiptum, samvinnu í leik og starfi, leysa úr ágreiningi, skiptast á skoðunum, að sýna virðingu, hjálpssemi, umburðarlyndi, umhyggju og að setja sig í spor annarra. Í gegnum samskipti við aðra þroska börnin eigin sjálfsmynd og sjálfstraust. Við viljum að þau að kynnast tilfinningum sínum, treysti á þær og verði óhrædd við að segja skoðanir sínar.

Leikurinn var allsráðandi, enda helsta námsleið barnsins og fléttuðum við sköpun, tækni og vísindum, hreyfingu, tónlist, heimspeki, málörvunarstundum og vettvangsferðum inn í starfið.

Innra mat barnanna vor 2024.

Einn kennari deildarinnar tók að sér að gera innra mat með börnum deildarinnar, svokallað Demantamat. Börnunum var boðið inn í Hreiður í hópum. Kennari bauð 4-5 börnum í einu og ræddi við börnin um starfið. Öll börnin höfðu eitthvað til málanna að leggja, mismikið að sjálfsögðu en allir

höfðu rödd. Það var gaman að heyra þeirra sýn af vinnunni í Grænuborg og á Sólskinsdeild. Börnin fengu myndir af ýmsum svæðum skólans og ræddu tilgang þeirra, kosti og galla. Kennari spurði þau svo spurninga um starfið í skólanum og skráði niður svör barnanna.

Heilt yfir kemur innra mat deildarinnar vel út. Börnin voru jákvæð og glöð við verkefnavinnuna. Óhætt er að segja að kennarar hafi glaðst yfir góðri sýn barnanna á skólastarfið. Haldið verður áfram á sömu braut og reynt að laga það sem börnin bentu á að mætti vera öðruvísi og reynt að koma á mótis við óskir barnanna um viðbót við starfið.

Markmið næsta skólaárs eru:

- Að halda áfram að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna.
- Að efla notkun á tákni með tali með börnum og kennurum deildarinnar.
- Að efla félagsfærni barnanna og sjálfseflingu.

Þegar litið er yfir veturinn og barnahópin má segja að starfið hafi gengið mjög vel. Samstarf kennara deildarinnar gekk mjög vel og öll unnum við saman að markmiðum okkar. Næsta vetur höldum við áfram að vinna með félagsfærni og sjálfseflingu barnanna. Við munum nýta okkar reynslu og þekkingu og bæta við hana. Við ætlum að efla okkur í að nota tákni með tali og nota tákni þegar við tölum við börnin og hvert annað. Börn og kennarar fá sitt tákni. Einnig stefnum við að því að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdu barnanna okkar og passa upp á félagslega þáttinn, því þessi börn geta einangrast vegna tungumálsins.

UMBÓTAÁÆTLUN SÓLSKINSDEILDAR

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna.	Að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna og einnig að passa upp á félagslega þáttinn, því þessi börn geta einangrast vegna tungumálsins.	Allt starfsfólk deildar sé meðvitað um það að setja orð á alla hluti, notumst við myndrænt dagskiplag, sögur sagðar, mikið sungið og farið með kvæði og ljóð og einnig er mikilvægt að nota	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar og allt starfsfólk þarf svo að fylla út sínar mínútur í Gefðu 10.	Haust 2024	Haust 2025	Förum yfir hvernig gangi á deildarfundum um yfir árið og hvar við gerum vel, hvar getum við gert betur.	Að börnin noti setningar með sífelld fleiri orðum og tjái sig vel á íslensku.

		opnar spurningar í samtölum við börnin. Allir gera eins vel og þeir geta í þessum efnum. Auk ofan talinna atriða má nefna málörvunar stundir, Lubba, ritmál, stafur /hljóð vikunnar, notast við rím og klapp o.m.fl. Notum „Gefðu 10!“. Höfum skráningu sýnilega og erum dugleg að minna hvert annað á.					
Að efla notkun á tákni með tali með börnum og starfsfólki deildarinnar	Að börn og starfsfólk læri og temji sér að nota tákni með tali í öllu starfi deildarinnar	Notum heimasíðu TMT. orð/tákni með tali vikunnar. Lærum tákni og notum þau þegar við tölum við börnin, hvert annað, t.d. í leik, við matarborðið, í fataklefanum og les- og söngstundum. Börn og starfsfólk fá sitt tákni.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.	Haust 2024	Haust 2025	Farið yfir notkun TMT á deildarfundum yfir árið og hvar við gerum vel, hvar getum við gert betur.	Að starfsfólki og börnum sé orðið samt að nota TMT samhliða íslenskunni í leik og starfi.
Félagsfærni og sjálfsefning	Að efla félagsfærni barnanna og jákvæð samskipti á deildinni.	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpssemi, kurteisi,	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar	Haust 2024	Haust 2025	Förum yfir markmið og leiðir deildarinnar á deildarfundum yfir árið.	Að börnum líði vel og njóti sín sem skapandi einstaklingar í öruggu

		þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin til að gera allt sjálf og nýta styrkleika sína.					umhverfi. Börn öðlist trú á eigin getu, þor og seiglu og þar af leiðandi sterkari sjálfsmynd. Að börnin verði virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.
--	--	--	--	--	--	--	---

INNRA MAT SÉRKENNSLU

Í vetur var á umbótaáætlun sérkennsluteymis að passa upp á að fundir yrðu hnitmiðaðri og markvissari. Allir komu á fundinn undirbúnir og ræddu sigra, áskoranir og fengu ráðleggingar varðandi næstu skref. Þetta gekk nokkuð vel fundirnir voru mun hnitmiðaðri og markvissari. Það kom fyrir að ef þjálfar voru með stærri mál en gengur og gerist þá voru umræður plássfrekari. Þetta gerði það að verkum að hver kennari fékk 7 ½ mínútu til að ræða sitt mál þar sem að við erum 8 á fundinum og er það ekki nóg þegar upp koma krefjandi aðstæður sem þarfnast lengri úrvinnslutíma. Þjálfar upplifðu einnig pressu frá deildinni ef þeir voru umfram áætlaðan fundartíma. Í endurmati frá þjálfum sem við gerum eftir hverja önn kom fram ósk um örlítið lengri fundartíma til þess að finna ekki fyrir pressu í tengslum við að klára á réttum tíma, óskað var eftir því að hafa fundina 1klst og 20 mín í stað 60 mín. Almennt voru sérkennarar ánægðir með fyrirkomulag. En ábending kom upp vegna undirbúnings þar sem erfitt reyndist að komast í undirbúning vegna mikilla veikinda í vetur. Erfitt gat verið að skilja sérkennslu börnin eftir inni á deild vegna manneklu eða annars álags. Um var að ræða börn sem ekki gátu verði án mannsins með sér. Einnig var bent á að gott væri að fá fræðslu inn á fundina í annað til þriðja hvort skipti sem verður sett í umbótaáætlun sérkennsluteymis fyrir næsta vetur.

MAT Á SÉRKENNSLU Á LÍÐANDI SKÓLÁRI

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð? Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólalastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Þau börn sem fengu sérkennslu í skólanum voru öll með sína eigin einstaklingsáætlun sem var endurskoðuð á 6-12 vikna fresti með tilliti til framfara einstaklingsins og álit foreldra og annarra sérfræðinga sem koma að máli barnsins. Börnin eru alltaf virkir þátttakendur í öllu starfi skólans og fer stuðningur fram að mestu leiti innan barnahópsins. Einnig eru börnin í einstaklingsþjálfun eða í litlum hópum þegar þurfa þykir. Starfsfólk skólans stuðlar að fullgildingu barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlast gleði í leik og námi. Skráning var háttað á mjög svo margvíslegan hátt. Nýtt voru skráningarblöð úr matskerfi sem verið er að nýta, ásamt fleiri skráningartækjum sem skólinn hefur útbúið eða fengið í gegnum fagaðila. Einnig er skráning á námi og starfi</p>
---	---

	skólans í ferilmöppu barnsins þar sem skráning er bæði skrifleg og myndræn.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fleira	Þau gögn sem við nýttum okkur við mat voru AEPS, ABLES listinn, Hljóm2, EF12, Behavioral Intervention for Young Children with Autism, TRAS, Hæfniramma fyrir börn í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og Íslenski mállhljóðamælirinn, þjargir úr snemmtækri íhlutun í málörvun tveggja ára til þriggja ára barna og Orðaskil.
Hvaða námsefni var notað? Vorur til dæmis notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis námsgögn voru notuð bæði keypt og heimatilbúin. Ljáðu mér eyra, Tölum saman, lærum og leikum bækur og námsefni, ýmis snjallforrit, málörvunarverkefni fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn, The processing program, Spjallað og leikið SÓL fyrir eldri og yngri, Lubbi, Orðagull og margt, margt fleira.

UMBÓTAÁÆTLUN SÉRKENNSLU FYRIR KOMANDI SKÓLAÁR

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Fræðsla á sérkennarafundi	Koma með ýmsa fræðslu inn á fundina til þess að efla og styrka sérkennarat eymið enn frekar.		Sérkennslu- stjóri	Sept. 2024	Júní 2025	Með skriflegu mati sérkennari í desember 2024 og í júlí 2025	Sérkennarar sem upplifa að fræðslan hafi skilað þeim þekkingu ásamt því að styrkja þá í starfi.

INNRA MAT – FJÖLTYNGD BÖRN

MAT Á MÁLÖRVUN OG VIRKRI ÞÁTTTÖKU FJÖLTYNGDRA BARNNA FRÁ LÍÐANDI SKÓLAÁRI

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið var nýtt í að hafa verkefnastjóri við skólann til að halda utan um alla vinnu sem tengist fjöltyngdu skólustarfi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Verkefnastjóri fjöltyngdra barna tekur þau fjöltyngdu börn sem þurfa í sérstaka þjálfun 2–3 sinnum í viku. Þar er leitast við að auka orðaforða barnanna og kenna þeim orð til að nota í daglegu tali. Inni á deildum er síðan unnið með gefðu 10 og þá félagsfærni sem börnin þurfa
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Í öllum aðstæðum er reynt að auka við orðaforðann og kenna börnunum að tjá sig. Við notumst við tákni með tali til að hjálpa þeim að tjá sig óháð því hvað langt þau eru komin í íslensku. Við erum með orðabók fyrir fjöltyngdu börnin sem fer á milli heimilis og skóla, þar eru myndir með táknum af daglegu starfi í leikskólanum og þeim orðum sem við notum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við notum hæfniramma á íslensku fyrir fjöltyngd börn til sjá hvar þau standa. Við skráum TRAS og EFI miðað við aldur. Gerðar eru einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem þurfa meiri æfingu.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Í starfinu er haft að leiðarljósi að auka og dýpka orðaforða barnsins með lestri, leikjum og í leiknum. Áhugi barnanna er nýttur til að auka skilning þeirra á tungumálinu og notkun þess. Lögð er áhersla á að þau geti tjá tilfinningar sínar og langanir.

UMBÓTAÁÆTLUN –FJÖLTYNGI FYRIR KOMANDI SKÓLAÁR

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
----------------------------------	------------------------	------------------------	--------	-------	-------	--------------------------------	----------------------

Félagsfærni og foreldra-samvinna	Vinna með verkefni tengd félagsfærni inn á deildum. Þjóða foreldrum oftast inn í skólann	Búa til hópa inn á deildum sem vinna í verkefni til að auka félagsfærni. Fá foreldra með okkur í verkefnið og bjóða uppá hitting þar sem talað er um starfið og það sem er fram undan, til dæmis fyrir jólin.	Verkefna-stjóri fjöltyngdra barna.	Haust 2024	Vor 2025	Metið með því að nota TRAS og Hæfni-rammi. Auk þess sem sendur verður spurninga-listi til foreldrar.	Að börnin hafi náð betri færni í Íslensku
---	--	---	------------------------------------	------------	----------	--	---

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári, þau voru í maí 2023, á þessu skólaári, leikskólastjóri hélt utan um, flest starfsfólk kom í samtali.

Starfsfólk skólans sótti ýmsa fræðslu á skólaárinu, þar má helst nefna:

Hvaða námskeið og haldið af hverjum

Hverjir sóttu

Brúum bilið á milli landamæra, haldið af miðju máls og læsir

Tveir starfsmenn leikskólans

Deildarstjórinn, Skipulagt af Menntafléttunni (HÍ, HA og KÍ)

Tveir deildastjórar

Farsældardagar, haldið af Reykjavíkurborg

Leikskólastjóri

Farsældarskólinn, netnámskeið haldið af BOFS

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Fjöltyngdar fjölskyldur og skólastarf, Rannís stóð fyrir

Verkefnastjóri fjölmenningar og einn starfsmaður

Forystunám ýmis námskeið, haldið af Reykjavíkurborg

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Fyrirlestur um einhverfar konur, neterindi skipulagt af einhverfusamtökunum, Margrét Leópólsdóttir

Allt starfsfólk leikskólans

Glitraðu, málþing haldið af samtökunum einstök börn

Tveir starfsmenn leikskólans

Íslenskuþorpið, Skipulagt af Menntafléttunni (HÍ, HA og KÍ)

Einn starfsmaður

Kynferðisofbeldi 2- 18 ára, netnámskeið haldið af BOFS

Allt starfsfólk leikskólans

<i>Kynning á TMT, haldin af starfsmanni frá leikskólanum Sólborg</i>	<i>Allt starfsfólk leikskólans</i>
<i>Lærdómsamfélag sérkennslustjóra, Skóla- og frístundasvið stýrði því</i>	<i>Sérkennslustjóri</i>
<i>Lærdómssamfélag fjölmennigarkennara, Skóla- og frístundasvið stýrði því</i>	<i>Verkefnastjóri fjölmenningar</i>
<i>M Ed. nám við Háskóla Íslands</i>	<i>Einn starfsmaður</i>
<i>Menntakvika, haldið af Menntavísindasviði, ýmsir fyrirlestrar</i>	<i>Sumt af starfsfólki leikskólans</i>
<i>Menntastefnumót, ýmsir fyrirlestrar, haldið af Vesturmiðstöð og SFS</i>	<i>Allt starffólk leikskólans</i>
<i>Náms- og kynnisferð til Kanada, skipulagt af SFS</i>	<i>Leikskólastjóri</i>
<i>Norsamby ráðstefna, leikskóli fyrir alla. Haldið af norrænu leikskóla vinabæjarsamtökunum Norsamby</i>	<i>Einn deildarstjóri</i>
<i>Nurture, námskeið haldið af Miðstöð menntunnar og skólaþjónustu</i>	<i>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</i>
<i>Samskipti á vinnustað, ýmis neterindi</i>	<i>Allt starfsfólk leikskólans</i>
<i>Stopp ofeldi, haldið af BOFS</i>	<i>Allt starfsfólk leikskólans</i>
<i>Torgið, mörg og margvísleg námskeið</i>	<i>Allt starfsfólk skólans</i>
<i>Ýmis námskeið á Torginu</i>	<i>Flest starfsfólk leikskólans</i>

Ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun að svo stöddu um allt fræðsluefni fyrir komandi skólaár, fyrir utan námskeið fyrir allt starfsfólk skólans varðandi Nurture vegna innleiðingar á Nurture.

SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Grænaborg vera í samstarf við Austurbæjarskóla og Draumalandi, frístundaheimili veturinn 2024 – 2025, með ýmiskonar heimsóknum á milli staða, með mismunandi þeimum í hvert skipti til að styrkja tengslin á milli þessara starfsstaða, við stefnum á sameiginlegu þema á haustönn og svo heimsóknir og/eða hitting frá því í september fram í maí. Í þessu samstarfi taka elstu börn leikskólanna þátt og yngstu börn grunnskólans.

Grænaborg skilar til grunnskólans upplýsingum um börn sem fara á milli skólastiga.

FORELDRASAMVINNA

Foreldrasamvinna í Grænuborg er okkur mjög mikilvæg og viljum við vera í miklu og nánú samstarfi við forráðamenn barnanna. Hún fer að mestu leiti fram þegar komið er með og barn sótt í skólann, en auk

Þess í gegnum tölvupósta, Völuna og síma. Foreldrar eru boðaðir í að minnsta kosti tvö formleg foreldraviðtöl á skólaárinu. Eitt að hausti, þar sem fram fer almenn umræða um barnið, líðan þess og þroska og farið yfir upplýsingar um barnið. Annað að vori þar sem farið er yfir hvernig barninu gengur í leik og starfi í skólanum. Það eru deildarstjórar hvernar deildar sem sjá um þessi viðtöl. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi á komandi skólaári. Þessi tvö formlegu viðtöl fóru að öllu leiti fram eins og til stóð á skólaárinu 2023 – 2024, þar sem farið var yfir ákveðna punkta varðandi það hvernig námið í leikskólanum gengur hjá barninu, sett inn í sérstakt form þar sem foreldrar hafa tækifæri til að bæta við upplýsingum um barnið, og allir kvitta á að lokum og foreldrar fá eintak með sér heim.

Á haustin eru skipulagðir foreldrafundir þar sem farið er yfir áherslur deilda og vetrarstarfið kynnt. Þessir fundir hafa verið í kringum miðjan september.

Við skólann er starfandi foreldraráð, samkvæmt lögum, auk þess er starfandi foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins innheimtir kr. 6000 á ári í gjöld. Hefð er fyrir því að stjórn foreldrafélagsins fundi um það bil einu sinni í mánuði yfir skólaárið og er haldinn aðalfundur að hausti. Í stjórninni er formaður, gjaldkeri og ritari auk um það bil fjögurra annara stjórnarmanna. Hefð er fyrir því að stjórnin skipuleggi ýmsa viðburði til hliðar við skólastarfið, þar sem öll börn og foreldrar hafa tækifæri til að hittast og eiga notalega stund saman. Á skólaárinu 2023-2024 skipulagði stjórnin sumarpartý þar var farið í skrúðgöngu, grillaðar pylsur, sungið, dansaðir afrískir dansar, heilsað upp á tröllkarlinn Tufta sem kom í heimsókn, andlit máluð o.fl. Auk þess pantaði stjórnin hesta sem komu í heimsókn og þau börn sem það vildu gátu farið í stuttan reiðtúr um garðinn.

Foreldraráðið er skipað að minnsta kosti þremur fulltrúum foreldra auk leikskólastjóra. Það fundar eftir þörfum og kemur að starfi skólans t.d. varðandi sumarlokanir og yfirllestur á námskrá og starfsáætlun.

SKIPULAGSDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL

Eftirtalda daga er lokað í Grænuborg vegna samstarfs- og skipulagsdaga starfsfólks, gert er ráð fyrir sex heilum skipulagsdögum á ári, í sumum tilfellum er heilum degi skipt niður í tvo hálfra daga. **Birt með fyrirvara um breytingar:**

- 22. ágúst 2024, fimmtudagur, heill dagur
- 27. september 2024, föstudagur, heill dagur, sameiginlegur í vesturbæ, miðbæ og hlíðum
- 22. nóvember 2024, föstudagur hálfur dagur eftir hádegi
- 6. febrúar 2025, fimmtudagur, heill dagur, sameiginlegur starfsdagur
- 14. mars 2025, föstudagur, heill dagur,
- 5. maí 2025, mánudagur, heill dagur, sameiginlegur í vesturbæ, miðbæ og hlíðum
- 8. júlí 2025, þriðjudagur, hálfur dagur eftir hádegi

Fylgigögn

Fylgiskjal 1 – skóladagatal,

Fylgiskjal 2 - mat barna á sól

Fylgiskjal 3 - umsögn foreldraráðs

júlí 2024

fyrir hönd Grænuborgar

Gerður Sif Hauksdóttir

Leikskólastjóri Grænuborgar

Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, áherslur starfsáætlunarinnar samræmast starfi leikskólans síðasta árs.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, starfsáætlunin er aðgengileg og auðlesanleg.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlunin gefur góða innsýn inn í starfið fyrir foreldra.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð Græunborgar gerir engar athugasemdir við starfsáætlunina.
Fulltrúar í foreldraráði vilja að lokum lýsa yfir mikilli ánægju með starfið í Græunborg.

Fulltrúar í foreldraráði:

Margrét Erla Maack

Anna Helga Jónsdóttir

Sölvi Karlsson

Þorbjörg Ágústsdóttir

Þórunn Thorlacius

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði